



Umsögn

Efni: Frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2023, mál nr. 1/153
Viðtakandi: Fjárlaganefnd alþingis
Sendandi: Sviðstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs

Fyrir fjárlaganefnd alþingis liggur frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2023, mál nr. 1/153. Hefur fjármála- og áhættustýringarsviði verið falið að undirbúa umsögn um frumvarpið fyrir hönd Reykjavíkurborgar.

Meginhlutverk sveitarfélaga er að veita íbúum sínum þjónustu sem er skilgreind í lögum sem samþykkt eru á Alþingi og reglugerðum sem settar eru af ráðuneytum. Rekstur sveitarfélaga er fjármagnaður með eigin tekjustofnum, einkum útsvari og fasteignasköttum og fjárfestingar með lántökum á markaði þar sem skuldabréf Reykjavíkurborgar bera álag á kjör ríkisins. Aðaláhættan í rekstri sveitarfélaga raungerist þegar ríkið leggur þeim á herðar meiri skyldur en þau geta fjármagnað með lögbundnum tekjustofnum. Þetta ógnar um þessar mundir sjálfbærni sveitarfélaga á Íslandi þvert á markmið laga um opinber fjármál en þar ber vanfjármögnun á málaflokki fatlaðs fólks hæst.

Einn höfuðtilgangur laga um opinber fjármál er að leggja grunn að efnahagslegu jafnvægi til lengri tíma, sbr. 4. gr. laganna. Það kallar á ábyrga fjármálastjórn, bæði í fjármálastjórn ríkisins og fjárhagslegum samskiptum ríkisins við sveitarfélögin. Það ætti að fyrirbyggja að ríkið með lagasetningu, reglugerðum eða öðrum stjórnvaldsfyrirmælum, taki ákvarðanir sem skylda sveitarfélög til að veita þjónustu án þess að þeim sé tryggð full fjármögnun á auknum verkefnum. Þannig renna bæði sveitarstjórnarlög og lög um opinber fjármál styrkum stoðum undir þær leikreglur sem gilda um fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga. Framkvæmd ríkisins á þessum skýru lagaákvæðum hefur ekki verið í samræmi við lagaskyldur og hefur í mikilvægum ákvörðunum litið framhjá þeirri skyldu að meta fjárhagsleg áhrif lagafrumvarpa og annarra áforma ríkisins á fjárhag sveitarfélaga og tryggja þeim fjármuni til að mæta breyttum skyldum.

◇◇◇

Í eftirfarandi umfjöllun eru rakin þau verkefni sem eru og hafa verið um árabíl til umræðu í samskiptum ríkis og borgar og eru van- eða ófjármögnuð. Vakin er athygli á því að hér er ekki um tæmandi yfirlit að ræða.

1. Þjónusta við fatlað fólk

Þjónusta við fatlað fólk var færð frá ríki til sveitarfélaga árið 2011 og fjármögnun endurskoðuð árið 2014 sem átti að tryggja fulla fjármögnun þjónustunnar með hækkun útsvars í 1,24% auk 0,235% af innheimtum skatttekjum ríkissjóðs frá og með árinu 2016. Þrátt fyrir mikið kostnaðaraðhald hefur þjónusta við málaflokkinn kostað mun meira frá yfirfærslunni heldur en framlög Jöfnunarsjóðs og viðbótarútsvar sveitarfélagsins hafa staðið undir eða allt að 25,7 ma.kr. umfram tekjur tímabilið 2011-2021. Árið 2020 námu gjöld umfram tekjur um 5,7 ma.kr. og ársuppgjör Reykjavíkurborgar fyrir árið 2021 sýnir að enn eykst hallinn sem nam um um 6,7 ma.kr.

Mismunur á milli tekna og gjalda hefur vaxið jafnt og þétt í gegnum árin einkum fyrir tilstilli aukinna krafna um þjónustu sem byggja á lögum, reglugerðum og alþjóðlegum samþykktum. Nú síðast með lögum nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Fyrir liggur að mikið vantar upp á að þjónustukröfur sem þessi lagasetning leggur á sveitarfélög hafi verið kostnaðarmetin eins og 129. gr. Sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 gerir ráð fyrir og 66. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015.

Á síðasta ári skipaði félags- og barnamálaráðherra tvo starfshópa, annars vegar starfshóp um heildarendurskoðun á lögum nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir og hins vegar starfshóp um greiningu á kostnaðarþróun í málaflokksnum árin 2018 til 2020. Hóparnir skiluðu niðurstöðum sínum í maí sl. og var það niðurstaða starfshóps um kostnaðargreiningu að halli málaflokksins árið 2020 hafi á landsvísu verið 8,9 ma.kr. Ætla má að hallinn nemi nú allt að 12 – 13 ma.kr.

Þar til viðbótar er mikil uppsöfnuð þörf fatlaðs fólks fyrir búsetuúrræði við hæfi. Samanlagt er talið að viðbótarútgjöld sveitarfélaganna vegna uppsafnaðrar þarfar fyrir búsetuúrræði geti varlega áætlað verið 10 ma.kr. í árlegan rekstrarkostnað til nánustu framtíðar. Þar af nemi rekstrarkostnaður vegna uppbyggingar á sértæku húsnæðisúrræði og niðurlagning herbergjasambýla í Reykjavík 3,7 ma.kr.

Hækkun útgjalda í málaflokki fatlaðs fólks frá því hann var fluttur frá ríki til sveitarfélaga er langt umfram það sem fjármögnun málaflokksins stendur undir. Niðurstöður starfshópanna sem að ofan greinir varpa skýru ljósi á vanfjármögnun málaflokksins og er það krafa Reykjavíkurborgar að tryggð verði full fjármögnun í samræmi við niðurstöður, enda ógnar staðan sjálfbærni sveitarfélaga verði ekki gerðar viðeigandi úrbætur.

Vanfjármögnun vegna þjónustu við fatlað fólk hjá Reykjavíkurborg er samanlagt: 10,8 ma.kr.

Sundurliðun	(m.kr.)
Vegna búsetu, vinnumiðaðrar stoðþjónustu og stuðningsúrræða	5.046
1.1. Þjónusta við börn með alvarlegar þroska- og geðraskanir	990
1.2. Frístund fatlaðra ungmenna	664
Halli á málaflokki fatlaðra árið 2021	6.700
Fyrirséð viðbótarútgjöld:	
1.3. Uppbygging á sértæku húsnæðisúrræði og niðurlagning herbergjasambýla	3.700
1.4. Notendastýrð persónulag aðstoð (NPA)	350
Samtals fyrirséð ófjármögnuð fjárþörf	10.750

1.1 Þjónusta við börn með alvarlegar þroska- og geðraskanir

Þjónusta við börn með alvarlegar þroska- og geðraskanir heyrir undir málaflokk fatlaðs fólks. Á síðustu árum hefur þjónustan vaxið mikið án þess að því hafi fylgt fjármagn og þurfti borgarsjóður að bera 850 m.kr. kostnað vegna málaflokksins á árinu 2020. Á árinu 2021 nam kostnaður um 1,7 ma.kr. og ljóst er að fjárhæðin sem eyrnamerkt hefur verið til málaflokksins af ríkinu, alls 500 m.kr. fyrir öll sveitarfélög landsins er óraunhæf.

Við endurskoðun á samkomulaginu um yfirfærslu málefna fatlaðs fólks frá ríki til sveitarfélaga frá árinu 2015 var þetta úrlausnarefni skilið eftir og gert ráð fyrir að samningsaðilar myndu semja síðar um fyrirkomulag og fjármögnun á þjónustu við börn með alvarlegar þroska- og geðraskanir. Frá því að skýrsla starfshóps velferðarráðuneytisins um þjónustu við börn með alvarlegar þroska- og geðraskanir var gefin út í nóvember 2013 hefur Reykjavíkurborg lagt sig fram um að nálgast málefni umræddra barna

á grundvelli tillagna starfshóps ráðuneytisins með afar takmörkuðu fjármagni frá ríkinu. Þessi viðbótarkostnaður hefur því lent af miklum þunga á Reykjavíkurborg.

Samkvæmt nýjum lögum nr. 87/2021 um Barna- og fjölskyldustofu ber stofnunin ábyrgð á uppbyggingu og yfirstjórn heimila, stofnana og sérhæfðra úrræða fyrir börn. Á undanförunum árum hefur Barnaverndarstofa, forveri Barna- og fjölskyldustofu, hins vegar markvisst lagt niður meðferðarheimili án þess að önnur úrræði hafi komið í staðinn. Takmarkað fjármagn fylgdi samþykkt frumvarpsins og ekkert sem eyrnamerkt er þessu hlutverki stofnunarinnar og er því erfitt að sjá skyldur hennar raungerast nema úr því verði bætt, annars er hætta á að áframhaldandi úrræðaleysi lendi af fullum þunga á sveitarfélögunum án þess að um það hafi verið samið.

Fjárhagslegt mat: 990 m.kr.

1.2 Frístund fatlaðra ungmenna

Kostnaður vegna lengdrar viðveru fatlaðra barna og ungmenna hefur farið sívaxandi á síðustu árum og nam kostnaður Reykjavíkurborgar samtals 738 m.kr. á árinu 2021. Framlag Jöfnunarsjóðs nam aðeins 74 m.kr. og nemur mismunurinn 664 m.kr. sem er ófjármagnað. Hér er enn og aftur um þjónustu að ræða sem þar sem úrlausnarefni málaflokksins var skilið eftir við endurskoðun á samkomulaginu ríkis og sveitarfélaga frá árinu 2015 og gert ráð fyrir að samningsaðilar myndu semja síðar um fyrirkomulag og fjármögnun. Ný lög nr. 38/2018 kveða á um meiri þjónustu fyrir fötluð börn og ungmenni, en núverandi reglur um frístundaheimili og félagsmiðstöðvar kveða á um. Ekki hefur fengist fjármagn eða samtal við ríkið um hvernig eigi að standa undir því þjónustustigi sem lögin kveða á um.

Fjárhagslegt mat: 664 m.kr.

1.3 Uppbygging á sértæku húsnæði fyrir fatlað fólk og niðurlagning herbergjasambýla

Þrátt fyrir öflugna uppbyggingu húsnæðis fyrir fatlað fólk á umliðnum árum eru enn 135 einstaklingar á biðlista eftir búsetuúrræði í Reykjavík. Þá hafa kröfur um búsetuform og þjónustu aukist til muna með lögum og reglugerðum án þess að fylgt hafi fjármagn. Samkvæmt gildandi framkvæmdaáætlun og bráðabirgðaákvæði II í lögum nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir er kveðið á um niðurlagningu herbergjasambýla. Í Reykjavík eru ennþá starfrækt 9 herbergjasambýli og mun breyting þess búsetuforms kalla á aukið fjármagn. Áætlaður rekstrarkostnaður á ári vegna úrræða fyrir einstaklinga á biðlista eftir sértæku húsnæði er um 3,7 ma.kr. skv. nýendurskoðaðri áætlun um uppbyggingu búsetuúrræða.

Fjárhagslegt mat: 3.700 m.kr.

1.4 Notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA)

Notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA) var lögfest á Íslandi með setningu laga nr. 38/2018 án þess að fjármögnun væri tryggð með varanlegum hætti. Við endurskoðun á samkomulaginu um yfirfærslu málefna fatlaðs fólks frá ríki til sveitarfélaga árið 2015 var þetta úrlausnarefni skilið eftir og gert ráð fyrir að samningsaðilar myndu semja síðar um fyrirkomulag og fjármögnun á notendastýrðri persónulegri aðstoð (NPA).

Alþingi samþykkti 9. maí 2018 lögum nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir en með þeim lögum var notendastýrð persónuleg aðstoð lögfest á Íslandi. Um er að ræða löggjöf um tímabær réttindi fatlaðs fólks en um fjármögnun þessara nýju réttinda segir í lögum: „Sveitarfélög skulu fjármagna þjónustu við fatlað fólk og annan rekstrarkostnað samkvæmt lögum þessum að því leyti sem annað er ekki tekið fram eða leiðir af öðrum lögum. Jafnframt skulu sveitarfélög standa að uppbyggingu á þjónustustofnunum fyrir fatlað fólk með framlögum til stofnkostnaðar eftir því sem nauðsyn krefur.“

Í bráðabirgðaákvæði með lögunum kemur fram að á innleiðingartímabilinu 2018-2022 er gert ráð fyrir ákveðnum heildarfjölda NPA samninga sem nýtur ákveðins stuðnings frá Jöfnunarsjóði en þetta framlag mun nema rétt um fjórðungi útgjalda sveitarfélaganna byggt á því mati að kostnaðarauki við NPA væri 25%. Frá og með árinu 2023 er gert ráð fyrir því að sveitarfélögin beri ábyrgð á allri fjármögnun þessarar þjónustu án þess að til viðbótarfjármögnunar komi. Þetta stingur í stúf við þá meginreglu að öll þjónusta sveitarfélaga við fatlað fólk skuli að fullu fjármögnuð með auknum tekjustofnum og í þessu samhengi er minnt á að ráðherra skuli kostnaðarmeta lagafrumvörp sem hafa fjárhagsleg áhrif á sveitarfélögin og tryggja fjármögnun kostnaðaraukans.

Í reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 1250/2018 um NPA kemur fram að sveitarfélög, hagsmunasamtök og ráðuneytið skuli fyrir lok 2019 vinna tillögur til ráðherra um hvernig staðið verði að greiðslum vegna sérfræðikostnaðar við viðbótarþarfir þeirra sem fá NPA en ekki liggur enn fyrir hvernig staðið verður að þessum greiðslum.

Umsækjendur um NPA eru þegar orðnir fleiri en unnt er að mæta m.t.t. til fjárheimilda ríkisins um endurgreiðslu og Reykjavíkurborg er komin með hóp fólks sem sótt hefur um lögbundna þjónustu sem ekki er unnt að veita án aukinna framlaga. M.v. núverandi samninga má ætla að kostnaðarauki nemi að lágmarki 350 m.kr. frá árinu 2023. Eru þá ekki teknar með væntingar um fjölgun NPA samninga.

Fjárhagslegt mat: 350 m.kr.

2. Rekstur grunnskóla

2.1. Rekstur grunnskóla - Krafa um framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga

Rekstur grunnskóla var fluttur frá ríki til sveitarfélaga árið 1996 og átti 2,33% hækkun útsvarsstofns að fjármagna rekstur hans að fullu hjá Reykjavíkurborg. Fyrir flutning báru sveitarfélögin kostnað sem metinn var á 1,43% af útsvarsstofni. Þar til viðbótar hækkaði útsvarsstofninn um 0,77% sem rennur til jöfnunar á rekstri grunnskóla allra sveitarfélaga annarra en Reykjavíkurborgar. Samanlagt nam fjármögnun því tæplega 4,5% stigum af útsvarsstofni, þó þannig að aðeins runnu 3,76% stig beint til sveitarfélaganna en restin (0,77%) til Jöfnunarsjóðs. Þessi fjármögnunaraðferð hefur ekki reynst vel fyrir borgina, í ljósi þess að Reykjavíkurborg nýtur ekki almennra jöfnunarframlaga svo neinu nemi og útgjöld í hlutfalli af útsvarsstofni hafa hækkað í 5,5% að jafnaði. Þetta hefur leitt til vanfjármögnunar sem hefur vaxið jafnt og þétt í gegnum árin m.a. vegna aukinna krafna sem rekja má til laga, reglugerða eða reglugerðabreytinga án fjármögnunar. Má hér nefna einsetningu grunnskóla, skóla án aðgreiningar og þjónustu við nemendur af erlendum uppruna.

Reykjavíkurborg hefur gert þá kröfu að borgin njóti framlaga úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til jafns við önnur sveitarfélög með málefnalegum hætti. Í dómsmáli því sem Reykjavíkurborg hefur höfðað gegn ríkinu og varðar almenn jöfnunarframlög vegna reksturs grunnskóla er gerð krafa um að borgin sé ekki útilokuð frá framlaginu á grundvelli stærðar borgarinnar (yfir 70 þús. íbúar). Krafa borgarinnar vegna þessa er samtals 5.418 m.kr.

Fjárhagslegt mat: 5.418 m.kr.

2.2. Íslenskukennsla barna af erlendum uppruna

Hluti af kröfu Reykjavíkurborgar varðar íslenskukennslu barna af erlendum uppruna sem er greitt af jöfnunarframlagi til grunnskóla. Greiddar eru um 150 þús.kr. með hverju barni til sveitarfélaga um land allt, utan Reykjavíkur. Hér er um að samfélagslega breytingu að ræða sem öll sveitarfélög þurfa að

takast á við í rekstri sínum. Fyrsta áætlun ríkisins um framlög nemenda með íslensku sem annað tungumál 2023 sýnir þetta með skýrum hætti. Það að börn af erlendum uppruna í Reykjavík njóti ekki sömu jöfnunarframlaga og annarsstaðar á landinu er óásættanlegt og þess krafist að þetta verði leiðrétt.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga
27.09.2022

Svif.nr.	Sveitarfélag	Fyrsta áætlun 2023
0	Reykjavíkurborg	0
1000	Kópavogsbær	110.670.000
1100	Seltjarnneshöfn	4.930.000
1300	Garðabær	22.950.000
1400	Hafnarfjarðarkaupstaður	54.570.000
1604	Mosfellsbær	38.930.000
1606	Kjósarhreppur	0
2000	Reykjanesbær	65.790.000
2300	Grindavíkurbær	15.980.000

Fjárhagslegt mat: 412,5 m.kr.

3. Önnur mikilvæg mál sem snerta Reykjavíkurborg

3.1 Rekstur almenningsgangna á höfuðborgarsvæðinu

Fjárhagsstaða Strætó bs. hefur verið erfið á undanförunum misserum, en á tímum heimsfaraldurs kórónaveiru árið 2020 og 2021 fækkaði farþegum í Strætó umtalsvert sem dró verulega úr farþegatekjum. Engu að síður var, ekki síst að beiðni stjórnvalda og annarra ytri aðila, lögð áhersla á að halda úti óskertri þjónustu í almenningsgangum á erfiðum tímum heimsfaraldurs. Í ljósi þess bundu sveitarfélögin og stjórn Strætó vonir við að ríkið kæmi að rekstrinum með aukaframlag að fjárhæð allt að 990 m.kr. Niðurstaðan var hins vegar aðeins 120 m.kr. framlag eða aðeins brot af því tapi sem hefur verið að raungerast hjá félaginu vegna samdráttar í farþegatekjum sem námu um 1,7 milljarði króna á tveggja ára tímabili. Félagið hefur sökum þess verið að ganga á eigið fé og uppsafnað handbært fé sem fyrirhugað var að nýta til fjárfestinga í vögnum. Árið 2022 hefur jafnframt verið félaginu erfitt vegna mikilla hækkana á olíu og kostnaðarhækkana vegna verðbólgu. Stjórn Strætó og stjórnendur standa nú frammi fyrir afar erfiðri stöðu fjárhagslega, sem ekki var fyrir séð fyrir rúmlega tveimur árum síðan.

Líkt og fram kemur í umsögn Sambands sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu og Strætó við drög að Grænbók um samgöngumál 2021 þá þarf ríkið að taka á sig veigameira hlutverk við fjármögnun almenningsgangna á höfuðborgarsvæðinu til framtíðar litið. Föst framlög sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu nema tæpum 4,2 milljarði króna á ári skv. áætlun ársins en fast framlag ríkisins er um 900 m.kr. Við fast framlag sveitarfélaganna bætist um 470 m.kr framlag til niðurgreiðslu á fargjöldum aldraðra, öryrkja og nemenda. Mikilvægt er að ríkið komi með afgerandi hætti að því að treysta fjárhagslegan grunn Strætó vegna þeirra fjárhagslega áfalla sem reksturinn hefur orðið fyrir á tímum heimsfaraldurs kórónaveiru og komi áfram að rekstri almenningsgangna á höfuðborgarsvæðinu með myndarlegum hætti.

Fjárhagslegt mat: 1,7 ma.kr. sökum tekjutaps.

3.2 Samningur um móttöku flóttafólks

Mikilvægt er að taka til skoðunar samning ríkisins við sveitarfélög um móttöku flóttafólks. Sér í lagi verða sveitarfélög að fá framlag til að styðja við börn og ungmenni sem þarfnast stuðnings, hvort sem er vegna áfalla eða við nám og tómstundir.

Þann 4. febrúar 2021 undirrituðu félagsmálaráðuneytið og Reykjavíkurborg samning þar sem Reykjavíkurborg samþykkti að taka á móti 500 flóttamönnum í samræmda móttöku flóttafólks og veita þjónustu samkvæmt kröfulýsingu samningsins þó með undantekningu frá því skilyrði að tryggja öllum húsnæði. Undantekningin lýtur að því að Reykjavíkurborg er eingöngu skuldbundin að tryggja barnafjölskyldum húsnæði.

Samningurinn hefur nú runnið sitt skeið en Reykjavíkurborg er þó áfram að veita yfir 714 manns þjónustu sem eru skráðir í samræmda móttöku og allt að 600 manns sem standa fyrir utan samninginn. Þessa miklu fjölgun flóttafólks má að mestu rekja til innrásarinnar í Úkraínu.

3.3 Samþætting þjónustu í þágu farsældar barna

Kostnaðarmat ríkisins á nýlega samþykktum lögum nr. 86/2021, *Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna*, og áhrif á fjárhag sveitarfélaga beindist aðallega að útgjöldum vegna málstjóra og tengiliða en horft var framhjá kostnaði við að veita aukna þjónustu. Í fjárlögum fyrir árið 2022 var 1,1 ma.kr. veitt til Jöfnunarsjóðs til að auka snemmtæka íhlutun í málefnum barna sbr. lög um samþættingu velferðarþjónustu í þágu barna. Það er mat sveitarfélaganna að framlagið sé langt undir þörfum og telja þau fjárþörfina á landsvísu vera nær 3 – 4 ma.kr.

Fjárhagslegt mat f. Rvk.: 800 m.kr.

3.4 Heimilislausir með miklar og flóknar þjónustuparfir

Reykjavíkurborg ber hitann og þungann af þjónustu við heimilislausa einstaklinga með miklar og flóknar þjónustuparfir. Markvisst hefur verið unnið að bættri þjónustu við hópinn. Borið hefur á því að einstaklingar hafi flutt lögheimili sitt til Reykjavíkur til að fá viðeigandi þjónustu. Frá árinu 2019 hefur Reykjavíkurborg tvöfaldað úrræði fyrir þennan hóp, s.s. neyðarskýli og sérstök heimili fyrir fólk með mikinn og flókinn vímuefnavanda og farið úr 46 plássum í 99 pláss. Kostnaður við málaflokkinn árið 2019 var um 732 m.kr., árið 2020 var kostnaðurinn um 1 ma.kr. Samhliða uppbyggingu á þjónustu við þennan hóp í Reykjavík þarf að huga að öflugri heilbrigðisþjónustu, s.s. hjúkrunarrými fyrir þann hluta hópsins sem glímir við mikinn heilsubrest. Það er eðlileg krafa Reykjavíkurborgar að ríkið komi með fjármagn inn í þennan viðkvæma málaflokk.

3.5 Hjúkrunarheimili

Reykjavíkurborg rekur hjúkrunarheimili á Droplaugarstöðum og í Seljahlíð fyrir ríkið á grunni daggjalda. Hallarekstur 2011-2020 nam samanlagt 2.684 mkr og á einkum rætur að rekja til þess að ríkið greiddi ekki hluta af stofnkostnaði en miðar daggjöld til borgarinnar við að ríkið hafi greitt 85% stofnkostnaðar. Árið 2021 nam mismunur tekna og útgjalda 337 m.kr. Tryggja verður fulla fjármögnun á rekstri hjúkrunarheimila.

Fjárhagslegt mat: 337 m.kr.

3.6 Stefnumörkun á sviði heilbrigðis- og velferðarmála

Stefnumörkun ríkis og borgar á sviði heilbrigðis- og velferðarmála hefur á síðustu árum tekið umtalsverðum breytingum, þar sem áhersla er lögð á afstofnanavæðingu í þjónustu við fólk, það er að í stað stofnanabundinna úrræða verði þörfum hvers og eins mætt með sveigjanlegri þjónustu úti í samfélaginu, gætt sé að samfellu í meðferð og notendur ílengist ekki inni á stofnunum. Með hliðsjón af þessu hafa stofnanir ríkisins markvisst verið lagðar niður eða þeim fækkað sem hefur bein áhrif á fjárhag sveitarfélagsins sem hefur þurft að veita þessum hópum þjónustu án þess að fjármagn hafi fylgt. Reykjavíkurborg styður hugmyndafræðina en kallar eftir samtali við ríkisstjórn og viðeigandi ráðuneyti um samninga sem takast á við fjármögnum viðeigandi úrræða.

3.7 Fjármagnstekjuskattur

Reykjavíkurborg leggur áherslu á að alþingi endurskoði lög um tekjuskatt með það fyrir augum að fella niður fjármagnstekjuskatt af lánsviðskiptum innan samstæðu borgarinnar. Í þessu samhengi er rétt að benda á að eitt af markmiðum fjármálaráðuneytisins er að endurlána ríkisfyrirtækjum í stað þess að heimila þeim lántökur með ríkisábyrgð. Eðlilegt væri að gera sveitarfélög jafnsett ríkinu og fyrirtækjum þess að þessu leyti.

3.8 Innheimtupóknun útsvars

Sveitarfélög greiða 0,5% af útsvarsstofni í staðgreiðslu sem innheimtupóknun til ríkisins. Í fyrra námu póknunartekjur ríkissjóðs um 1,3 ma.kr. Margsinis hefur verið bent á að aldrei hafi verið sýnt fram á raunkostnað við innheimtuna. Í samkomulagi milli ríkis og sveitarfélaga („LOF samkomulagi“) er kveðið á um að aðilar skoði þetta fyrirkomulag. Í samkomulaginu er m.a. vísað til álits efnahags- og

viðskiptanefndar með breytingartillögu um frumvarp til laga um innheimtu opinberra skatta og gjalda (þskj. 673, 150. Löggjafarþing). Segir þar einfaldlega að „þóknun ríkisins endurspeglir kostnað vegna innheimtunnar“. Einnig skal minnt á að ríkið innheimtir útsvar samhliða innheimtu tekjuskatts, enda um sama skattstofn að ræða.

3.9 Gistináttaskattur

Vegna stóraukins álags og viðhaldsþarfar á samgöngumannvirkjum, kostnaðar vegna hreinsunar gatna, gönguleiða og almenningsrýma í kjölfar mikillar fjölgunar ferðamanna gerir Reykjavíkurborg þá kröfu að tekjur af gistináttaskatti eða tekjur af brottfarargjaldi renni a.m.k. að stærstum hluta beint til sveitarfélaga. Ljóst er að án nýrra tekjustofna þá verður erfiðara fyrir borgina að styðja við ferðaþjónustu með sama hætti og gert hefur verið.

3.10 Skattfrjáls ráðstöfun séreignarsparnaða

Gerð er krafa um að ríkið greiði sveitarfélögum með beinum hætti tap útsvarstekna vegna skattfrjáls úttektar á séreignarsparnaði. Í því felst að sveitarfélögum verði bættur halli af ívilnunum sem rýra útsvarsstofn þeirra. Áætlað er að frá árinu 2014 hafi Íslendingar ráðstafað 110 ma.kr. af séreignarsparnaði sínum inn á húsnæðislán og hefur það fært þeim 26,8 ma.kr. skattaafslátt. Þar af er tekjutap sveitarfélaganna tæplega 16 ma.kr. að nafnvirði eða að meðaltali um 2 ma.kr. á ársgrundvelli. Frá og með árinu 2014 hefur kaupendum húsnæðis verið heimilt að taka út skattfrjálst séreignarsparnað, sem úrræði til að liðka fyrir kaupum og þá sérstaklega fyrstu kaupum þeirra sem eru að koma út á húsnæðismarkaðinn. Þessi heimild hefur nú verið fest í sessi en ekki hefur verið brugðist við af hálfu ríkisins um hvernig sveitarfélögunum skuli bætt það tekjutap sem í þessu felst.

4. Samantekt

Í eftirfarandi töflu er að finna samantekið fjárhagslegt mat á þeim málum sem hér hefur verið fjallað um. Ekki liggur fyrir fjárhagslegt mat á öllum liðum og eru þeir í töflunni merkt n/a.

Samantekt	(m.kr.)
1 Vegna búsetu, vinnumiðaðrar stoðþjónustu og stuðningsúrræða	5.046
1.1. Þjónusta við börn með alvarlegar þroska- og geðraskanir	990
1.2. Frístund fatlaðra ungmenna	664
1.3. Uppbygging á sértæku húsnæðisúrræði og niðurlagning herbergjasambýla	3.700
1.4. Notendastýrð persónuleg aðstoð	350
Millisumma: Málaflokkur fatlaðs fólks	10.750
2.1. Rekstur grunnskóla. Krafa um framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga	5.418
2.2. Íslenskukennsla barna af erlendum uppruna	413
3.1. Rekstur almenningsgangna á höfuðborgarsvæðinu	1.700
3.2. Samningur um móttöku kvótaflóttafólks	n/a
3.3. Samþætting þjónustu í þágu farsældar barna	800
3.4. Heimilslausir með miklar og flóknar þjónustuparfir	n/a
3.5. Hjúkrunarheimili	337
3.7. Stefnumörkun á sviði heilbrigðis- og velferðarmála	n/a
3.8. Fjármagnstekjuskattur	n/a
Samtals	19.418

Virðingarfyllst,

Haldóra Káradóttir,
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs
Reykjavíkurborgar